



ARKITEKTAFÉLAG
ÍSLANDS

Áningarstaðir

Skógræktar ríkisins



HÖNNUNARSAMKEPPNI

KEPPNISLÝSING

Apríl 2013

Verkkaupi:
Skógrækt ríkisins

Umsjónaraðili:
Arkitektafélag Íslands

Samstarfsaðili:
Framkvæmdasýsla ríkisins

Efnisyfirlit

1	Kynning	3
1.1	Verkkaupi	3
1.2	Aðdragandi	3
1.3	Markmið.....	3
1.4	Sjónarmið dómnefndar	3
1.5	Tegund og tilhögun samkeppni	3
1.6	Verðlaun	4
1.7	Tungumál	4
1.8	Höfundarréttur tillagna.....	4
2	Lýsing verkefnis	4
2.1	Almenn atriði	5
2.2	Keppnissvæðið.....	5
2.3	Mannvirki og aðstaða	7
2.4	Kostnaðarviðmið	7
3	Tæknileg tilhögun samkeppninnar	8
3.1	Þátttökuréttur.....	8
3.2	Afhending keppnisgagna – þátttökugjald	8
3.3	Keppnisgögn	8
3.4	Keppnistillögur.....	8
3.5	Fyrirspurnir	9
3.6	Skilafrestur – merking og afhending tillagna	9
3.7	Dómnefnd og ritari dómnefndar	9
3.8	Trúnaðarmaður	10
3.9	Úrslit	10
3.10	Sýning	10
3.11	Varðveisla keppnistillagna	10
3.12	Hagnýting keppnistillagna	10
4	Verk í kjölfar samkeppni	11
4.1	Hönnunar- og framkvæmdatími	11
4.2	Þóknun hönnuða, samningur	11
4.3	Trygging hönnuða	11
5	Samþykki keppnislýsingar	12

1 Kynning

1.1 Verkkaupi

Skógrækt ríkisins er verkkaupi þessa verkefnis og býður til opinnar hönnunarsamkeppni (framkvæmdarkeppni) um hönnun á áningarstöðum í Þjóðskógum Skógræktar ríkisins samkvæmt keppnislýsingu þessari og gildandi samkeppnisreglum Arkitektafélags Íslands. Arkitektafélag Íslands er umsjónaraðili samkeppninnar f.h. Framkvæmdasýslu ríkisins.

1.2 Aðdragandi

Skógrækt ríkisins hefur á undanförunum árum og áratugum unnið að því að gera skóglendi í svokölluðum Þjóðskógum Skógræktar ríkisins aðgengileg fyrir almenning. Hluti af því verkefni er að gera stíga um skóga og áningarstaði þar sem fólk getur áð. Árið 2012 var ákveðið að efna til hönnunarsamkeppni um hönnun áningarstaða í fimm skógum víðs vegar um land. Forsendur fyrir hönnuninni eru að á áningarstöðunum yrðu bálskýli og salernisaðstaða og er æskilegt að mannvirkin verði gerð úr viði úr íslenskum skógum að mestu leyti. Á svæðunum yrði gert ráð fyrir leiksvæðum fyrir börn og aðstöðu fyrir skóla. Skógrækt ríkisins vill hér með bjóða þátttakendur velkomna til samkeppninnar og þakka fyrir áhugann á að taka þátt í þessu spennandi brautryðjendaverkefni.

1.3 Markmið

Tilgangur samkeppninnar er að fá fram áhugaverðar hugmyndir um hönnun á áningarstöðum í Þjóðskógum Skógræktar ríkisins. Í samkeppninni á að hanna áningastað fyrir Þjóðskóg á Laugarvatni. Æskilegt er að sú tillaga sem ber sigur úr bítum geti orðið fyrirmynd áningarstaða sem ætlunin er að reisa víðsvegar um landið á næstu árum.

Á áningastaðnum skal vera bálskýli, þjónustuhús, leiksvæði barna og aðstaða til útikennslu fyrir skóla. Gera þarf ráð fyrir að áningarstaðirnir yrðu aðgengilegir öllum, þ.m.t. fólki í hjólastólum. Aðalskipulag og deiliskipulag fyrir keppnisvæðið á Laugarvatni er fyrirbyggjandi.

1.4 Sjónarmið dómnefndar

Dómnefnd metur tillögur sem berast í samkeppnina með hliðsjón af fyrirbyggjandi keppnislýsingu og gögnum sem þar er vísað til.

Dómnefnd leggur höfuðáherslu á eftirfarandi við mat sitt á úrlausnum keppenda:

Heildaryfirbragð tillögu, ásýnd og aðlögun að umhverfi

Hugkvæmni í nýtingu efnis úr íslenskum skógum

Gott aðgengi fyrir alla

Sveigjanleiki með tilliti til nýtingar bygginga í Þjóðskógum landsins

Hugkvæmni í byggingu, rekstri og viðhaldi

Dómnefnd mun í niðurstöðum sínum fjalla sérstaklega um hverja tillögu fyrir sig og gefa henni umsögn. Niðurstöður dómnefndar verða birtar í samantekt sem gefin verður út á prenti.

Um hagnýtingu verðlaunatillagna er fjallað í lið 4.2 hér fyrir aftan.

1.5 Tegund og tilhögun samkeppni

Samkeppnin er haldin í samræmi við keppnislýsingu þessa. Um er að ræða opna framkvæmdasamkeppni og er hún opin öllum samanber lið 3.1 Þátttökuréttur.

1.6 Verðlaun

Veitt verða verðlaun að heildarfjárhæð kr. 1.400.000 án vsk. Stefnt er að því að veita þrenn verðlaun og verða 1. verðlaun eigi lægri en kr. 700.000 án vsk. Dómnefnd getur einnig veitt viðurkenningar fyrir áhugaverðar tillögur.

Verkkaupi hyggst nýta sér niðurstöðu samkeppninnar, sbr. Lið 3.12

1.7 Tungumál

Tungumál samkeppninnar er íslenska.

1.8 Höfundarréttur tillagna

Varðandi höfundarrétt tillagna vísast til höfundarlaga nr.73/1972, með síðari breytingum.



2 Lýsing verkefnis

2.1 Almenn atriði

Samkeppnin snýst um hönnun áningarstaðar í þjóðskógi við Laugarvatn. Stefnt er að vinningstillaga geti orðið fyrirmynd að fleiri áningarstöðum í þjóðskógum Skógræktar ríkisins.

Auk Laugarvatns er stefnt að uppbyggingu á eftirtöldum áningarstöðum:

Hallormsstað á Fljótsdalshéraði

Tumastöðum í Fljótshlíð

Vöglum á Þelamörk

Stálpastöðum í Skorradal

Áningarstaðurinn skal vera aðgengilegur fyrir alla og uppfylla öll ákvæði reglugerða þar um.

Taka ber mið af ólíkum þörfum gesta við hönnun staðarins hvað varðar aðstöðu til dvalar. Tillöguhöfundum er frjálst að leggja til fleiri en einn dvalarstað innan keppnissvæðisins, tengja þá innbyrðis með stígum og auka þannig fjölbreytni og upplifunargildi þess.

Mannvirkin þurfa að falla vel að náttúru svæðisins og útfærsla þeirra má ekki valda varanlegum spjöllum á því.

Skógrækt ríkisins leggur áherslu á að notað verði innlent byggingarefni, mannvirkin verði hagkvæm í rekstri og viðhaldþörf í lágmarki.

Gert er ráð fyrir því að tillögur að byggingum á Laugarvatni geti verið notaðar lítið breyttar á öðrum áningarstöðum. Þó má reikna með því að stærðir bygginga, innbyrðis afstaða þeirra og frágangur í kringum þær geti verið breytilegur til að aðlaga þær aðstæðum á hverjum stað.

2.2 Keppnissvæðið

Keppnissvæðið liggur við rætur Laugarvatnsfjalls, norðvestanvert við Dalbraut (aðalgötuna í gegnum þéttbýlið við Laugarvatn). Það er að miklu leyti skógi vaxið.

Leiðbeinandi staðsetningar fyrir áningarstaði eru skilgreindar á deiliskipulagsuppdrætti og er mælt til þess að mannvirki verði innan þeirra reita. Kjósi keppendur að staðsetja mannvirki annars staðar innan keppnissvæðisins skal gera sérstaka grein fyrir ástæðum þess í greinargerð.

Aðkoma að keppnissvæðinu er um göngustíga frá þéttbýlinu og útivistarstíga í hlíðum Laugarvatnsfjalls.

Samkvæmt upplýsingum heimamanna eru þéttar og staðbundnar skúrir algengar í fjallshlíðunum í Laugardal og andað getur mjög köldu úr norðaustri.

Jarðlög á keppnissvæðinu eru úr móbergi og móbergssetri.

Keppendur geta kynnt sér nánar staðsetningu þeirra áningarstaða sem reistir verða síðar. Það má finna nákvæma staðasetningu hvers staðar með því að slá inn Ísnet hnit þeirra, t.d. á kortavef Já.is.

Stálpastaðir í Skorradal ISN93: 382.740,448.909

Tumastaðir í Fljótshlíð ISN93: 447.556, 360.454



Vaglir á Þelamörk ISN93: 531.879, 581.346

Hallormsstaður á Fljótsdalshéraði ISN93: 703.083, 522.643

Loftmyndir af svæðum fyrirhugaðra áningastaða.



Aðrir fyrirhugaðir áningarstaðir:



2.3 Mannvirki og aðstaða

Á áningarstaðnum er gert ráð fyrir að reisa tvær byggingar; bálskýli og þjónustuhús. Hvorug bygginganna verður upphituð og ráðgert er að lýsing í þjónustuhúsi verði með „photosellum“ sem keppendur skulu koma haganlega fyrir. Að öðru leyti er ekki gert ráð fyrir rafmagni á staðnum.

Bálskýlið þarf að rúma allt að 80 manns. Það skal þannig gert að inni í því verði eldstæði þar sem unnt er að kveikja bál og/eða grilla.

Skýlið þarf að vera með regnheldu þaki en þó er nauðsynlegt að reykur geti stigið upp úr þaki þess ofan við eldstæðið. Útfærsla á veggjum og gólfi skýlisins er undir keppendum komin.

Í þjónustuhúsi þurfa að vera tvær rúmgóðar snyrtingar, þar af önnur þeirra fyrir hreyfihamlaða.

Miða skal við að allur frágangur mannvirkja verði vandaður og endingargóður. Innan áningarstaðarins skal gera ráð fyrir útikennslu nemenda. Gera þarf ráð fyrir lítilli geymslu fyrir kennslugögn, gjarnan í tengslum við þjónustuhús.

Einnig þarf að staðsetja staðlað fræðsluskilti Skógræktar ríkisins innan dvalarsvæðisins.

2.4 Kostnaðarviðmið

Ekki er ætlast til þess að keppendur skili inn kostnaðaráætlun með tillögum sínum, en á dómsstigi verða þær tillögur, sem að mati dómnefndar koma til álit, kostnaðarmetnar.

Verkaupi gerir ráð fyrir að heildar framkvæmdakostnaður (verktakakostnaður) verði um 12 milljónir króna fyrir áningastaðinn (skýli, bekkir og sjálfur áningarstaðurinn) og skulu keppendur halda sig innan þess ramma. Ofangreindar tölur innihalda eingöngu beinan verktakakostnað. Hönnun, umsjón og eftirlit, opinber gjöld og búnaður er ekki inni í ofangreindum tölum.

Keppendur skulu sýna kostnaðargát og er miðað við að allur frágangur áningastaðar sé vandaður og viðhaldskostnaði verði haldið í lágmarki.



3 Tæknileg tilhögun samkeppninnar

3.1 Þátttökuréttur

Þátttaka í samkeppninni er öllum heimil, að undanskildum eftirfarandi aðilum.

- a. Þeim sem reka ráðgjafþjónustu eða aðra atvinnustarfsemi með aðila í dómnefnd.
- b. Dómnefndarmanni sem tengdur er aðila, sbr. 3. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

3.2 Afhending keppnisgagna – þátttökugjald

Keppnislýsing þessi verður aðgengileg á vef Arkitektafélags Íslands (www.ai.is), vef Félags íslenskra landslagsarkitekta (www.fila.is) á vef Framkvæmdasýslu ríkisins (www.fsr.is) og vef Skógræktar ríkisins (www.skogur.is) og frá og með 15.apríl.2013

Samkeppnisgögn verða afhent gegn 5.000.- króna skilagjaldi, frá og með 15. apríl 2013 á skrifstofu Arkitektafélags Íslands, Engjateigi 9, 105 Reykjavík á milli klukkan 9 og 13 virka daga.

3.3 Keppnisgögn

Eftirtalin eru keppnisgögn þessarar samkeppni.

- Keppnislýsing þessi.
- Deiliskipulag fyrir keppnissvæðið á pdf. formati.
- Tölvugrunnur af samkeppnissvæðinu sem sýnir legu lands og hæðarlínur
- Ljósmyndir af samkeppnissvæðinu
- Leiðbeiningarit Ferðamálastofu um góða staði, útg. nóv 2011, sjá heimasíðu FSR: <http://fsr.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=7227>

3.4 Keppnistillögur

Keppendur skulu skila útprentuðum gögnum og gögnum á geisladiski til trúnaðarmanns. Óskað er eftir öllum gögnum á geisladiski/USBminnislykli og skulu þau vera á pdf-formi.

Auk þess skulu þau innihalda:

A. TEIKNINGAR:

- Afstöðumynd (með norður upp) í mkv. 1:500 sem sýnir svæðið og tengsl við nágrenni.
- Grunnmyndir, skurðmyndir og útlit þjónustuhúss og bálskýlis í mælikvarðanum 1:200.

Að vali höfunda:

- Fjarvíddar og rúmteikningar (þrívíddarmyndir)
- Skýringarmyndir

Skila skal einni tillöguörk í stærðinni A1, prentaðri út á ógegnisæjan pappír og upplímdri á hart spjald. Allur texti skal ritaður á vélrænan hátt.

Æskilegt er að tillöguörk sé lárétt (landscape).

B. GREINARGERÐ:

Í greinargerð með tillögu skal koma fram:

- Megininntak tillögunnar, helstu forsendur, markmið og áherslur.
- Lýsing á efnisvali, frágangi og tæknilegum útfærslum mannvirkja og nánasta umhverfis þeirra ásamt öðru því sem getur haft áhrif á mat dómnefndar.

Greinargerð skal að hámarki vera 1000 orð og henni skal skila í 4 eintökum í arkarstærð A4.

Birta skal smækkuð afrit allra uppdráttá í greinargerð.

3.5 Fyrirspurnir

Fyrirspurnarfrestur rennur út á miðnætti 24.apríl. 2013. Fyrirspurnir skal senda með tölvupósti til trúnaðarmanns á netfangið harh@mail.is og mun hann leggja afrit af þeim fyrir dómnefnd. Stefnt er að því að svör við fyrirspurnum liggi fyrir 29. apríl 2013 og sendir trúnaðarmaður þá lista með fyrirspurnum og svörum dómnefndar við þeim til allra skráðra þátttakenda í tölvupósti..

3.6 Skilafrestur – merking og afhending tillagna

MERKING GAGNA:

Gögn skal **merkja** sem hér segir:

- Auðkenna skal öll tillögugögn með fimm stafa tölu, að vali tillöguhöfundar.
 - Í 2x5 sm stóran reit í hægra horni að neðan.
 - Á forsíðu greinargerðar.
 - Á geisladiski/USB lykli
 - Á umslag með nafnmiða.
- Ógagnsætt umslag, merkt orðinu „Nafnmiði“ skal fylgja tillögunni. Í umslaginu skulu vera nöfn, tölvuföng og símanúmer tillöguhöfunda.

SKILAFRESTUR TILLAGNA:

Tillögum skal **skila** sem hér segir:

- Skila skal tillögum til skrifstofu Arkitektafélags Íslands, Engjateig 9, 105 Rvk. Eigi síðar en klukkan 17,00 14. maí 2013. Trúnaðarmaður tekur á móti tillögum klukkan 15,00 til klukkan 17,00 þann dag. Þeir sem óska eftir að skila tillögum fyrir þann tíma skulu hafa um það samráð við trúnaðarmann. Við afhendingu tillögu fær keppandi kvittun merкта auðkennistölu tillögunnar.
- Nægilegt er að tillögum sé komið í póst eða flugafgreiðslu fyrir lok skilafrests, enda skal vottorð um það frá hlutaðeigandi afgreiðslumanni sent til trúnaðarmanns í tölvupósti innansólarhrings frá auglýstum skilafresti.
Póstsendar tillögur skal merkja trúnaðarmanni samkeppninnar og sendar á heimilisfang hans.
Tillögum, sem sendar eru inn með framagreindum hætti verður ekki veitt viðtaka lengur en sjö dögum eftir að skilafresti lýkur. Vakin er athygli á að póstsending getur tekið lengri tíma en sjö daga.

Ófrávíkjanlegt skilyrði þess að tillögu sé veitt viðtaka og hún dæmd er að henni sé skilað á réttum tíma og að nafnleyndar sé gætt.

3.7 Dómnefnd og ritari dómnefndar

Dómnefnd skipa:

Hreini Óskarsson skógarvörður á Suðurlandi formaður dómnefndar,

Harpa Stefánsdóttir, arkitekt FAÍ og

Ragnar Frank Kristjánsson, landslagsarkitekt FÍLA

Ritari dómnefndar er Hallmar Sigurðsson framkvæmdarstjóri AÍ,

3.8 Trúnaðarmaður

Trúnaðarmaður tilnefndur af Arkitektafélagi Íslands er Haraldur Helgason, arkitekt FAÍ
Hvassaleiti 74,
103 Reykjavík
Netfang: harh@mail.is
Sími: +354 897 6874

Öllum fyrirspurnum og athugasemdum skal beint til trúnaðarmanns.

3.9 Úrslit

Áætlað er að dómnefnd ljúki störfum fyrir maílok 2013. Strax og nafnleynd hefur verið rofin verður öllum þátttakendum tilkynnt um niðurstöður dómnefndar.

Fréttatilkynning um úrslit verður send fjölmiðlum. Í henni mun koma fram hvaða tilögur voru verðlaunaðar og hverjir eru höfundar þeirra. Niðurstöður keppinnar verða einnig kynnt á vef AÍ, vef Framkvæmdasýslu ríkisins og vef Skógræktar ríkisins.

3.10 Sýning

Haldin verður sýning á öllum keppnistillögum sem uppfylla skilyrði keppinnar við fyrsta tækifæri eftir að dómnefnd hefur lokið störfum. Tillögurnar verða sýndar undir höfundarnafni.

Verkkaupi gefur út prentað dómnefndarálit.

Í kjölfar kynningar á niðurstöðum samkeppinnar og opnun sýningar á tillögum verður haldinn opinn rýnifundur þar sem dómnefnd fer yfir dóm sinn. Þátttakendur verða sérstaklega boðaðir á þann fund sem haldinn verður á vegum Arkitektafélags Íslands.

3.11 Varðveisla keppnistillagna

Hönnunarsafn Íslands mun fá eintak að öllum keppnistillögum afhent til varðveislu að sýningu lokinni. Eigendur tillagna hafa aðgang að þeim að höfðu samráði við starfsfólk safnsins.

3.12 Hagnýting keppnistillagna

Verkkaupi stefnir að því að ganga til samninga við höfunda þeirrar tillögu sem dómnefnd mælir með til áframhaldandi hönnunar á áningastaðnum.

Falli verkkaupi frá áformum um að framkvæma verkið eftir 1. verðlaunatillögunni eða óski hann að ráða annan aðila til verksins, en dómnefnd hefur mælt með, skal greiða 1. verðlaunahafa bætur vegna verkefnissmissis, sem nemur 100% af upphæð 1. verðlaunanna.

Verkkaupi öðlast afnotarétt af verðlaunuðum og viðurkenndum tillögum, með þeim takmörkunum sem höfundarlög setja.

Þar sem áformað er að reisa nokkra áningarstaði vill verkkaupi halda því opnu að semja við fleiri verðlaunahafa.

4 Verk í kjölfar samkeppni

4.1 Hönnunar- og framkvæmdatími

Gert er ráð fyrir að fylgja eftirfarandi tímaáætlun:

Úrslit samkeppninnar kynnt 3. júní 2013

Hönnun lokið og útboðsgögn tilbúin 1.nóv 2013

Framkvæmdum lokið og bygging tekin í notkun 1. maí 2014

Almennur fyrirvari er gerður vegna fjárveitinga til verksins.

4.2 Þóknun hönnuða, samningur

Farið er fram á að hönnuðir myndi teymi um heildarhönnun áningastaðarins áður en samið er um hönnunina. Einn samningur verður gerður við allt hönnunarteymið og skal teymið koma sér saman um hönnunarstjóra verksins og mun hann sjá um alla samræmingu á gögnum hönnuða.

4.3 Trygging hönnuða

Verði ekkert af lokahönnun verðlaunatillögunnar, af óviðráðanlegum orsökum, innan tveggja ára skal verkkaupi greiða verðlaunahöfundum, eða þeim hönnuðum sem samið hefur verið við um verkið, jafnvirði verðlaunaupphæðar tillögunnar í bætur.



5 Samþykki keppnislýsingar

Keppnislýsing þessi og samningur milli AÍ og Skógræktar ríkisins er grundvöllur samkeppninnar.

Keppnislýsingin er samþykkt af verkkaupa og dómnefndarfulltrúum.

Reykjavík d.m.ár

f.h. Skógræktar ríkisins.

Jón Loftsson, skógræktarstjóri

Með undirritun sinni lýsa dómnefndarfulltrúar því yfir að þeir muni dæma eftir ákvæðum keppnislýsingarinnar.

Dómnefnd:



Hreinn Óskarsson, formaður
